

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 1 – 2025

*Staður:* Teams og Hvanneyri

*Tími:* þriðjudagur 14. janúar 2024 kl. 13:15

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir, Birgir Þór Haraldsson, Ingiberg Daði Kjartansson og Guðrún Sigríður Tryggvadóttir.

### 1. Breyting á háskólaráði

Daði Már Kristófersson fjármála- og efnahagsráðherra hefur fengið lausn frá háskólaráði. Tillögur um nýjan fulltrúa vorur ræddar. Daði var varaforseti háskólaráðs og lagt til að akademískur fulltrúi í ráðinu taki það sæti. Ákveðið að halda stuttan aukafund á TEAMS milli funda til ákvörðunartöku um nýjan fulltrúa og varaforseta.

### 2. Málstefna Lbhí uppfærð

Uppfærð málstefna Lbhí samþykkt. Verður endurskoðuð næst þegar málstefna UNIGreen hefur verið samþykkt líklega eftir tvö ár.

### 3. Verklagsregla – Stjórnskipulag og stjórnarhættir

Verklagsregla um stjórnskipulag og stjórnarhætti samþykkt.

### 4. Verklagsregla – Hlutverk og ábyrgðarsvið

Verklagsregla um hlutverk og ábyrgðarsvið samþykkt.

### 5. Rannsóknamisseri - hámarksgreiðslur

Tillaga um að hækka hámarksgreiðslur vegna rannsóknamisseris var samþykkt. Greiddir eru þjálfunardagpeningar og hámarksgreiðslur eftirfarandi:

12 mánaða rannsóknamisseri, hámarksgreiðsla fyrir fargjöld og dagpeninga 11.100 SDR.

6 mánaða rannsóknamisseri hámarksgreiðsla fyrir fargjöld og dagpeninga 8.300 SDR.

### 6. Gjaldskrá Lbhí

Ákveðið var að fresta breytingu á gjaldskrá Lbhí til vorsins sem tæki gildi í haust, á næsta skólaári.

### 7. Umræða um þróun starfseminnar og verkefni samþykkt af Samstarfi háskóla

Rætt var um þróun starfseminnar og hvernig verkefni samþykkt af Samstarfi háskóla, sérstaklega varðandi dýralæknanám og hátæknilandbúnað gætu sem best stutt

fram tíðaruppbyggingu. Mikil uppbygging er framundan á Hestbúinu, ný jarðræktarmiðstöð og gróðurhús í farvegi, komið hefur verið upp aðstöðu til skordýraræktar og einnig eru tækifæri til uppbyggingar í fjósinu, svo dæmi séu tekin. Haldinn verður fundur innanhúss og verkefnisstjórn í hátæknilandbúnaði (Lbhí, HR og HÍ) mun fara yfir tillögur að verkefnum og velja case.

## **8. Mál til upplýsingar**

Nýr ráðherra háskólamála heimsækir okkur á Hvanneyri 25. mars nk.

Sendiherra Japans heimsækir okkur á Hvanneyri 6. mars nk.

Aðalfundur UNIGreen verður haldinn í Almeria Spáni í febrúar.

Framkvæmdastjórn mun heimsækja University of the Highlands and Islands í Skotlandi í mars.

Minnt er á starfsauglýsingar sem brýnt er að dreifa sem víðast.

RIP